

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lög-  
birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. júní 1939.

Nr. 20/1939. **Jón Sveinsson** (Pétur Magnússon)  
gegn

**Vigfúsi Vigfússyni** (Enginn).

Skuldamál. Mótbára, reist á því, að krafa hafi præ-  
cluderast, ekki tekin til greina.

#### **Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæsta-  
réttar með stefnu 21. febr. þ. á., hefir krafizt þess,  
að stefndur verði dæmdur til þess að greiða honum  
kr. 940.00 með 6% ársvöxtum af kr. 500.00 frá 8.  
febr. 1936 og af kr. 440.00 6% frá 8. sept. s. á., máls-  
kostnað í héraði kr. 261.85 og málskostnað fyrir  
hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefir ekki mætt né látið mæta fyrir hæsta-  
rétti, er málið skyldi flytja, enda þótt honum hafi  
verið löglega stefnt, og ber því að dæma málið, sem  
flutt hefir verið skriflega samkvæmt 1. tölulið 38.  
gr. hæstaréttarlaganna, eftir framlögðum skjölum og  
skilrikjum.

Lán þau, sem áfrýjandi veitti stefnda og hann  
krefur stefnda í máli þessu, voru í té látin 8. febr.  
1936, en síðasta áskorun til skuldheimtumanna um  
kröfulýsingar til stjórnar skuldaskilasjóðs vélbáta-  
eigenda var birt 9. jan. 1936. Krafa áfrýjanda var  
því stofnuð eftir útgáfu skuldainnköllumunar og virð-  
ist því eigi hafa fallið burt eftir 14. gr. laga nr.

99/1935, sbr. lög nr. 19/1924 37. og 43. gr. analogice. Verður þegar af þessari ástæðu að taka kröfur áfrýjanda til greina, og dæma stefnda til að greiða honum kr. 500.00 með 6% ársvöxtum frá 8. febr. 1936 til greiðsludags og kr. 440.00 með 6% ársvöxtum frá 8. sept. 1936 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 600 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vigfús Vigfússon, greiði áfrýjanda, Jóni Sveinssyni, kr. 940.00 með 6% ársvöxtum af kr. 500.00 frá 8. febr. 1936 og sömu vöxtum af kr. 440.00 frá 8. sept. s. á. til greiðsludags.

Svo greiði stefndi áfrýjanda samtals kr. 600.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Akureyrar 17. des. 1938.

Mál þetta hefir stefnandinn, Jón Sveinsson lögfræðingur á Akureyri, höfðað með stefnu dags. 17. september s. l. gegn Vigfúsi Vigfússyni, Sunnhvoli í Hrisey, til greiðslu vixilskuldar vegna vixils, samþykkt af stefnda með gjalddaga 8. sept. 1936, að upphæð kr. 440.00 með 6% ársvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags, en stefnandinn gaf út vixil þennan, svo og til staðfestingar á löghaldi því, er gert var hjá stefnda fyrir nefndum vixli hinn 8. september 1938. Ennfremur til greiðslu skuldabréfs, útgefnu af stefnda 8. febr. 1936 til handa stefnanda með gjalddaga 8. september 1936, að upphæð kr. 500.00 með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi bréfsins til greiðsludags, svo og til

greiðslu málskostnaðar og kostnaðar vegna nefndrar lög-  
haldsgerðar eftir reikningi eða mati réttarins.

Það er in confesso í máli þessu, að stefndur, Vigfús Vig-  
fússon, sótti um lán úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda, og  
er því ómótmælt haldið fram af hálfu stefnds, að kröfu-  
lýsingarfresturinn hafi útrunnið 19. febr. 1936. Fimm  
hundruð króna skuldabréfið er hinsvegar gefið út af stefnda  
8. febr. 1936, og enn er því ómótmælt haldið fram af stefnda,  
að vixillinn, kr. 440, sem löghaldið var gert fyrir, var út-  
gefinn sama dag og skuldabréfið.

Stefndur heldur fram, að stefnandi hafi átt að lýsa kröf-  
um sínum áður en kröfulýsingarfrestur var útrunninn, og  
er rétturinn þeirrar skoðunar, að kröfum beri að lýsa í  
skuldaskilasjóðinn, sem stofnað er til, eftir að lánbeiðandi  
hefir sótt um lánið, en áður en kröfulýsingarfrestur er út-  
runninn.

Rétturinn getur ekki fallizt á, að hér hafi verið um rekstr-  
arlán að ræða, því ávísun stefnda til Júlíusar Oddssonar,  
rskj. nr. 7, bendir til, að lán það, er stefnandi veitti honum,  
hafi verið notað til hey- og matarkaupa. Loks vernda regl-  
urnar um veð útgerðarmanna í óveiddum afla því að eins  
veðbréfin, að þau séu gefin bönkum eða sparisjóðum.

Samkvæmt framanskráðu lítur rétturinn svo á, sem ofan-  
greind vixilskuld, kr. 440,00, og skuldabréfið, kr. 500,00, sem  
ekki er lýst í skuldaskilasjóðinn, hafi fallið niður ógild.  
En af þessu leiðir, að löghaldið frá 8. september 1938 fellur  
úr gildi. Hinsvegar verður krafa stefnds um bætur fyrir  
miska og lánstraustspjöll ekki tekin til greina, því engar  
sannanir liggja fyrir um, að stefndi hafi orðið fyrir skaða  
vegna löghaldsgerðarinnar.

Undir munnlega máflutningnum gerði stefnandi þá kröfu,  
að veðbréfið, rskj. nr. 3, yrði dæmt gilt, en sú krafa verður  
ekki tekin til greina með tilvísun til þess, sem að framan  
segir um veð í óveiddum afla.

Stefndur hefir ekki gert kröfu til málskostnaðar, og fell-  
ur hann niður.

Samkvæmt þessu á stefndur að vera sýkn af kröfum stefn-  
anda í máli þessu.

Því dæmist rétt vera:

Löghaldsgerðin frá 8. september 1938 fellur úr gildi og stefndi, Vigfús Vigfússon, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Sveinssonar lögfræðings, í málinu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 19. júní 1939.

Nr. 57/1939. **Kristín Björnsdóttir**

(Guðmundur Guðmundsson cand. jur.)

gegn

**Hólmfríði Baldvinsson**

(Theodór B. Lindal)

Krafa um bætur vegna bifreiðarslyss.

### **Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. júní þ. á., hefir krafizt þess, að stefnda verði dæmd til að greiða henni kr. 24000.00 með 5% ársvöxtum frá 2. maí 1937 til greiðsludags, auk málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefnda hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það þykir verða að fallast á það með héraðsdóm-aranum, að stefnda hafi borið hina almennu eigandaábyrgð á bifreiðinni R. 11. aðfaranótt 2. maí 1937, þar sem eigandaskiptin voru eigi skráð fyrr en 3. maí s. á. Téð bifreið var að visu á ferð í þágu lögreglunnar, þegar slysið, sem í máli þessu getur, vildi til, en henni var ekki stofnað í þeirri ferð af hálfu lögreglunnar í nokkra óvenjulega hættu, og